

17. fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar

17. fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar var haldinn þann 19. ágúst 2025 kl. 9:00 í Biskupsgarði að Tjarnargötu 4.

Mætt voru stjórnarmennirnir Rúnar Vilhjálmsson, formaður, Árni Helgason, varaformaður, Arna Grétarsdóttir, Einar Már Sigurðarson og Þuríður Björg Wíium Árnadóttir. Þá sátu fundinn sr. Guðrún Karls Helgudóttir, biskup Íslands, Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Drífa Hjartardóttir forseti Kirkjupings og Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður, sem ritaði fundargerð.

1. Fundur hófst kl. 9:00 og hóf biskup fundinn á ritningarlestri og bæn

2. Stafrænar kirkjubækur og ný skráningarsíða messuskýrsla

- a. Undir liðnum kom á fundinn Hermann Björn Erlingsson, sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs.
- b. Kynnti HBE tillögur að nýjum þjónustuvef þar sem kirkjubækur fyrir útfarir, hjónavígslur, fermingar og skírnir verða færðar í stafrænt form og sett upp ný skráningarmynd fyrir messugjörðarskýrslur.
- c. Ákveðið var að vinna málið áfram.

3. Yfirlit framkvæmdastjóra

- a. Rekstraryfirlit:
 - i. Undir liðnum kom Halldór Berg Sigfússon frá Sessor á fundinn.
 - ii. Framkvæmdastjóri kynnti rekstraryfirlit fyrir janúar til júlí 2025.
- b. Mælifell:
 - i. Framkvæmdastjóri kynnti afstöðubréf Þjóðkirkjunnar vegna eignarréttinda á Mælifellsdal.
- c. Ástandsskýrsla fasteigna:
 - i. Framkvæmdastjóri kynnti stöðu mála varðandi úttekt á ástandi fasteigna Þjóðkirkjunnar.
- d. Söluheimildir fasteigna:
 - i. Framkvæmdastjóri fór yfir lista yfir söluheimildir fasteigna, þær eignir sem seldar hafa verið og þær heimildir sem eftir standa.
- e. Rekstraráætlun 2026:
 - i. Framkvæmdastjóri kynnti tímalínu og forsendur rekstraráætlunar fyrir árið 2026.
- f. Innri endurskoðun:
 - i. Framkvæmdastjóri kynnti verkefnatillögu KPMG varðandi innri endurskoðun. Samþykkt var að hefja verkefnið í byrjun árs 2026.

4. Önnur mál

- a. EMS spurði út í stöðuna á Skeggjastöðum. Virkjanaframkvæmdir eru ekki farnar af stað og framkvæmdir við húsið munu ljúka á næstunni.
- b. Biskup upplýsti um fund sinn með dómsmálaráðherra um sóknargjöld.
- c. Biskup gerði grein fyrir kæru sem úrskurðarnefnd Þjóðkirkjunnar barst vegna handbókarinnar. Ákveðið var að skoða nánar verklag

úrskurðarnefndarinnar og hver þörfin er fyrir hana. Ákveðið að boða formann úrskurðarnefndarinnar á fund stjórnar.

- d. RV vakti máls á þeim málum er liggja fyrir kirkjupingi er varða kosningar og kjörgengi. Fóru fram umræður um málin.

Næsti fundur var ákveðinn 16. september 2025 kl. 9:00 í Borgartúni 26. Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 11:00.